

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdómurinn á óraskaður að standa. Áfrýjandinn, Ólafur Þórðarson, greiði hinum stefnda, Thor Jensen, málskostnað fyrir yfirdómi með 12 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögnum.

Mánudaginn 24. ágústm.

Nr. 8/1885.

Daníel prófastur Halldórsson  
gegn  
Jónasi bónda Símonarsyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Suðurmúlasýslu 16. okt. f. á., var Daníel prófastur Halldórsson, sóknarprestur til Hólma í Reyðarfirði, dæmdur til að greiða Jónasi Símonarsyni á Svínaskála 40 kr. 68 a., en að öðru leyti sýknaður af kærnum og kröfum nefnds Jónasar og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Daníel prófastur Halldórsson skotið til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 18. marz þ. á., og krafizt :

1. að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur,
2. að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir undirdómi með 40 kr.,
3. að hjeraðsdómarinn, sýslumaður J. Johnsen, og hinn stefndi, Jónas bóndi á Svínaskála, verði dæmdir til í sameiningu, eða þá Jónas bóndi

- einn, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, að greiða áfrýjanda allan áfrýjunarkostnað með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati,
4. að hjeraðsdómarinn, Jón sýslumaður Johnsen, verði látinn sæta ábyrgð og sektum fyrir dóm sinn.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi — hjeraðsdómari J. Johnsen hefur ekki mætt nje mæta látið — krafizt fyrst og fremst: að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, og málskostnaður fyrir yfirdómi lagður á sækjanda, en til vara, að allur af áfrýjun málsins leiðandi kostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög þessa máls eru þau, að áfrýjandinn, sem prestur í Hólmaprestakalli í Reyðarfirði, lét í októbermán. f. á. taka lögtaki — lögtaksgjörðin er að vísu ekki lögð fram í landsyfirdóminum, en málsþörtum kemur saman um, að upphæð sú, sem tekin var lögtaki, hafi numið 40 kr. 68 a. — hjá hinum stefnda prests- og kirkjugjöld hans fyrir næst undanfarin 2 ár, að upphæð samtals 40 kr. 68 a. En hinn stefndi þóttist ekki skyldur til að greiða gjöld þessi, með því hann hefði sagt sig úr þjóðkirkjunni, og engin prestsverk þæði af áfrýjanda, og á þessa skoðun hans fjellst hjeraðsdómarinn. En á þessa skoðun hjeraðsdómarans getur landsyfirdómurinn alls ekki fallizt. Það er að vísu svo, að stjórnarskrá Íslands heimilar mönnum að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu þeirra, en hún heimilar þeim alls ekki fyrir það að leysa sig undan að gjalda þeim presti, sem skipaður er í því prestakalli, sem þeir eru búsettir í, öll lögboðin gjöld, svo og lögboðin gjöld til kirkju þeirrar, sem er í þeirri



sókn, þar sem þeir búa; og virðist því síður vera vafi á þessari gjaldskyldu þeirra, sem stjórnarskrá Íslands ekki hefur sett neina ákvörðun í þá átt að losa utanþjóðkirkjumenn undan nefndri gjaldskyldu, og má þessari skoðun til styrkingar einnig geta þess, að jafnvel þeir, sem með heimild laga 12. maí 1882 um leysing á sóknarbandi, hafa sagt skilið við sóknarprest sinn, og kjörið sjer annan prest, eru samt sem áður skyldir að gjalda til sóknarkirkjunnar öll lögboðin gjöld og sóknarpresti allar fastar tekur, sjá 11. gr. nýnefndra laga.

Það er að vísu svo, að röksemdaleiðsla hjeradsdómarsans í dómi hans er mjög svo fjarri sanni, en þó virðist landsyfirdóminum ekki næg ástæða til að láta hann sæta ábyrgð fyrir.

Af áður töldum ástæðum ber því að sýkna áfrýjandann af kærum og kröfum hins stefnda í þessu máli, og ber hinum stefnda eptir málavöxtum að greiða áfrýjanda málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, er skal ákveðin 60 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Daníel prófastur Halldórsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum hins stefnda í þessu máli. Hinn stefndi, Jónas bóndi Símonarson, greiði áfrýjandanum málskostnað fyrir báðum dómum með 60 kr. Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.